FÁÐU DAGSKRÁNA
BEINT Í SÍMANN
www.grindavik.is/app.jsp

GRINDAVÍKURBÆR
JÁRNGERÐUR

SJÓARINN SÍKÁTI
31. MAÍ-2.JÚNÍ 2013

Tússið símanúmer á handabak barnanna

Á hverri hátíð er eitthvað um það að börn verði viðskila við foreldra sína. Farið verður með öll börn sem lenda í þeirri aðstöðu í stjórnstöðina á Sjóaranum síkáta þar sem lögregla og björgunarsveit eru á vaktinni (merkt á korti í opununni).
Gott ráð er að tússa símanúmerið á handabak barnanna en þetta hefur gefist vel á mörgum bæjarhátíðum.

Hver á heima hér?

Léttur leikur í aðdraganda Sjóarans síkáta stendur yfir frá þriðjudeginum 28. maí fram yfir Sjóarann síkáta. Þekkja þarf 8 útidyrahurðir í bænum (2 í hverju litahverfi). Bækling um um leikinn verður dreift í hús og mun hann einnig liggja frammi á völdum stöðum. Þar þarf að skrá í hvaða götu hvert hús er og húsnúmer. Glæsileg verðlaun verða í boði en vinnings-hafar verða dregnir út mánudaginn 3. júní.

20 ára aldurstakmark á tjaldsvæði

- Athygli er vakin á því að 20 ára aldurstakmark er á tjaldsvæðinu á Sjóaranum síkáta en börn og unglingar eru að sjálfsögðu velkomnir í fylgd með foreldrum/forráðamönnum sem gista á tjaldsvæðinu.
- Hart verður tekið á unglingadrykkju.
- Tjaldsvæðið verður vaktað af björgunarsveit að nóttu til.

Hundahald bannað

Athygli er vakin á því að hundahald er bannað á hátíðarsvæðinu.

Hverfaskipting 2013

Appelsínugula hverfið (bátar)

Liðsstjóri: Jón Berg Reynisson
jonbr@centrum.is, sími 893 6072.

Austurvegur, Þórkötlustaðahverfi, Stamphólsvegur, Hópsbraut, Vesturhóp, Austurhóp, Miðhóp, Suðurhóp ásamt verslunarmiðstöðinni (Víkurbraut 62).

Bláa hverfið (krabbar)

Liðsstjóri: Vilhelm Arason
villiara@simnet.is, sími 861 5002.

Túngata, Víkurbraut neðan pósthúss, Marargata, Garðvegur, Mánagata, Verbraut, Ránargata, Kirkjustígur, Mánasund, Vesturbraut, Mánagerði, Hellubraut, Dalbraut, Sunnubraut, Laut.

Græna hverfið (saltfiskur)

Liðsstjóri: Sólveig Ólafsdóttir
sollaola@simnet, sími 698 8115.

Heiðarhraun, Víkurbraut ofan pósthúss, Hvassahraun, Staðarvör, Staðarhraun, Norðurvör, Borgarhraun, Suðurvör, Arnarhraun, Fornavör, Skólabraut, Leynisbraut, Ásabraut, Leynisbrún, Hraunbraut.

Rauða hverfið (fiskar)

Liðsstjóri: Fríða Egilsdóttir
freda@grindavik.is, sími 847 9859.

Skipastígur, Árnastígur, Vigdísarvelli, Glæsivellir, Ásvellir, Sólvellir, Blómsturvellir, Iðavellir, Höskuldarvellir, Hólavellir, Litluvellir, Selsvellir, Baðsvellir, Efstahraun, Gerðavellir.

Við styðjum Sjóarann síkáta

VÍSIR

Þorbjörn hf.

Sjómenn, til hamingju með Sjómannadaginn!

ROKKABILLÝBANDIÐ

MATTI MATT

HELGI BJÖRNS

PÁLL ÓSKAR

FÖSTUDAGURINN. 31. MAÍ · KL. 21-24

BRYGGJU BALL

SJÓARINN SÍKÁTI GRINDAVÍK

GRINDAVÍKURBÆR

NÁNAR Á PROMO.IS

PROMO

SJÓARINN SÍKÁTI • DAGSKRÁ

FIMMTUDAGUR 30. MAÍ:

10:30 Fiskur undan steini. Leikskólabörn skreyta girðinguna á móti verslunarmiðstöðinni í tilefni Sjómannadagshelgarinnar.

13:00 – 17:00 Handverksfélagið Greip með opið hús í Framsóknarhúsinu. Fjöldi glæsilegra muna til sýnis.

Salthúsið: Sýning á verkum eftir Guðbjörgu Hlíf Pálsdóttir. Á sýningunni verða vatnslitamyndir af konum við ýmiss störf og einnig fantasíur unnar í blek og olíu. Sýningin stendur til fimmtudagsins 6.júní. Guðbjörg er starfandi listamaður og býr í Grindavík. Hún hefur starfað í mörg ár sem myndlistarkennari og á mörg verk í eigu opinbera aðila. Þar á meðal tvö útilistarverk í eigu Grindavíkurbæjar, afl hafsins (ölduna) og dans seglanna (seglin). Síðastliðið haust komu út tvær bækur eftir Guðbjörgu sem hún hafði samið og myndskreytt.

14:00 Pílumót Sjóarans síkáta fyrir nemendur í 8. – 10. bekk. Mótið fer fram í húsakynnum Pílufélagsins að Hafnargötu 28. Skráning á Facebook-síðu Félagsmiðstöðvarinnar Þrumunnar fyrir kl. 18:00 miðvikudaginn 29. maí.

19:30 – Pílumót Sjóarans síkáta. Mótið fer fram í húsakynnum Pílufélagsins að Hafnargötu 28. Skráning hjá Ágústi Sv. Bjarnasyni í síma 8976354.

21:00 Tónleikar með Skálmöld í íþróttahúsinu. Miðasala í gegnum www.midi.is

21:00 Tónleikar á Bryggjunni. Grindvíkingurinn Jón Ágúst Eyjólfsson. Á efnisskránni verða lög frá 6. áratugnum aðallega, Elvis, Buddy Holly, Johnny Cash, Villi Vill, Haukur Morthens og fleiri.

22:00 Tónleikar á Salthúsinu. Maggi Eiríkis og KK.

00:00 Kanturinn. Hljómsveitin Contalgen Funeral.

FÖSTUDAGUR 31. MAÍ

08:00 – 22:00 Söguratleikur Grindavíkur 2013. Þema ratleiksins eru sögulegar „minjar"; kirkjan á Stað, Staðarbrunnur, skipsklukka, Hóp, landnámsbær, Járngerðastaðasund, Þjófagjá, Baðsvallasel, forn þjóðleið, vegaúrbætur - allt minjar sem minna á forna tíð í Grindavík.
Ratleikurinn er auðveldur og fróðlegur útivistarleikur, sem stendur frá upphafi Sjóarans síkáta fram að Jónsmessu. Leitað er að spjöldum á stöðum sem merktir eru á ratleikskortið eða vísað á þá. Sjá nánar á bls. 14-15. Höfundur ratleiks er Sigrún Jónsd. Franklín.

09:00-14:00 Vorgleði Grunnskóla Grindavíkur.
Umsjón; Foreldrafélag grunnskólans.

Kl. 9:00	1. – 3. bekkir í Hópsskóla
Kl. 10:30	4. – 6. bekkir á Ásabraut
Kl. 12:00	7. og 8. bekkir á Ásabraut
Kl. 13:30	9. og 10. bekkir á Ásabraut

Kl. 10:00 – 18:00 Risastórt fiskabúr með bleikju frá Íslandsbleikju í Grindavík til sýnis við Kvikuna.

Salthúsið: Sýning á verkum eftir Guðbjörgu Hlíf Pálsdóttir. Á sýningunni verða vatnslitamyndir af konum við ýmiss störf og einnig fantasíur unnar í blek og olíu. Sýningin stendur til fimmtudagsins 6.júní. Guðbjörg er starfandi listamaður og býr í Grindavík. Hún hefur starfað í mörg ár sem myndlistarkennari og á mörg verk í eigu opinbera aðila. Þar á meðal tvö útilistarverk í eigu Grindavíkurbæjar, afl hafsins (ölduna) og dans seglanna (seglin). Síðastliðið haust komu út tvær bækur eftir Guðbjörgu sem hún hafði samið og myndskreytt.

13:00 – 17:00 „Paintball“ og „Lazertag“ á Landsbankatúninu. Aðgangseyrir.

13:00 – 17:00 Handverksfélagið Greip með opið hús í Framsóknarhúsinu. Fjöldi glæsilegra muna til sýnis.

18:00 Götugrill um allan bæ.
Grindavíkurbæ hefur verið skipt upp í fjögur hverfi þar sem hvert þeirra hefur sinn lit og sitt þema. Bæjarbúar eru hvattir til þess að skreyta göturnar í sínum litum og slá saman í götugrill sem liðsstjórar hverfanna sjá um að skipa.

Svona er bænum skipt upp:

Appelsínugula hverfið (bátar)
Austurvegur, Þórkötlustaðahverfi, Stamphólsvegur, Hópsbraut, Vesturhóp, Austurhóp, Miðhóp, Suðurhóp, Norðurhóp, Víðigerði, Efrahóp.

Bláa hverfið (krabbar)
Túngata, Víkurbraut neðan pósthúss, Marargata, Garðvegur, Mánagata, Verbraut, Ránargata, Kirkjustígur, Mánasund, Vesturbraut, Mánagerði, Hellubraut, Dalbraut, Sunnubraut, Laut.

Græna hverfið (skeljar)
Heiðarhraun, Víkurbraut ofan pósthúss, Hvassahraun, Staðarvör, Staðarhraun, Norðurvör, Borgarhraun, Suðurvör, Arnarhraun, Fornavör, Skólabraut, Leynisbraut, Ásabraut, Leynisbrún, Hraunbraut.

Rauða hverfið (fiskar)
Skipastígur, Árnastígur, Vigdísarvelli, Glæsivellir, Ásvellir, Sólvellir, Blómsturvellir, Iðavellir, Höskuldarvellir, Hólavellir, Litluvellir, Selsvellir, Baðsvellir, Efstahraun, Gerðavellir.

20:00 Litaskrúðganga úr hverfunum fjórum að hátíðarsvæðinu við Hafnargötu. Mæting í gönguna ekki seinna en 19:45.
Appelsínugula hverfið leggur af stað frá 50+ blokkinni á gatnamótum Suðurhópsbrautar og Stamphólsvegar (gengur niður Stamphólsveg að kirkjunni og út á Ránargötu).
Rauða hverfið leggur af stað frá Hérastubbi bakara (gengur Gerðavelli og suður Víkurbraut að Ránargötu).
Græna hverfið leggur af stað frá gatnamótum Leynisbrautar og Staðarhrauns (gengur upp Heiðarhraun og að Ránargötu).
Bláa hverfið leggur af stað frá Kvennó (gengur norður Víkurbraut að Ránargötu).
Öll hverfin ganga svo niður Ránargötuna að hátíðarsvæðinu í þessari röð: (1) bláir, (2) appelsínugulir, (3) rauðir og (4) grænir.

20:00 Fiskisúpa í boði Northern Light Inn og Stakkavíkur á bryggjunni frá kl. 20:00 uns birgðir endast.

Kvölddagskrá: Bryggjuball á hátíðarsvæðinu við Kvikuna.
Slysavarnardeildin Þórkatla verður með candy-flos og annað góðgæti til sölu.
- 20:30 „Trúbadorar“ úr hverju hverfi halda uppi „brekku-eða bryggjusöng“
- 20:50 Verðlaunaafhendingar: Best skreytta húsið, best skreytta gatan, frumlegasta skreytingin, best skreytta fyrirtækið og best skreytta hverfið.

- 21:00 Ari Auðunn Jónsson frá Félagsmiðstöðinni Þrumunni og Hafþór Orri Harðarson frá Félagsmiðstöðinni Fjörheimum, sigurvegarar í Rímnaflæði SAMFÉS, syngja nokkur lög.
- 21:00 Páll Óskar Hjálmtýsson skemmtir.
- 21:30 Karlotta Sjöfn, Karólína og Inga Bjarney syngja tvö lög.

- 22:00 – 24:00 Bryggjuball – Matti Matt, Helgi Björns og Rokkabillýbandið.

22:00 Bryggjan: Mummi Hermannss með tónlistina.

00:00 Salthúsið – Dansleikur með Rokkabillýbandi Matta Matt. Miðaverð 2.500 kr.

00:00 Kanturinn - Erpur Blaz Roca og félagar ásamt Dj Joey D.

LAUGARDAGUR 2. JÚNÍ:

08:00 – 22:00 Söguratleikur Grindavíkur 2013. Þema ratleiksins eru sögulegar „minjar"; kirkjan á Stað, Staðarbrunnur, skipsklukka, Hóp, landnámsbær, Járngerðastaðasund, Þjófagjá, Baðsvallasel, forn þjóðleið, vegaúrbætur - allt minjar sem minna á forna tíð í Grindavík. Ratleikurinn er auðveldur og fróðlegur útivistarleikur, sem stendur frá upphafi Sjóarans síkáta fram að Jónsmessu. Leitað er að spjöldum á stöðum sem merktir eru á ratleikskortið eða vísað á þá. Sjá nánar á bls. 14-15. Höfundur ratleiks er Sigrún Jónsd. Franklín.

08:00 Sjóarinn Síkáti - VOOT beita golfmótið er með punktafyrirkomulagii. Eins og undanfarin ár verður engu til sparað í að gera mótið sem veglegast. Megin uppistaða vinninga kemur víða að, m.a. fiskafurðir, sælgæti, matvara og fleira. Veitt verða verðlaun fyrir 3 efstu sætin með forgjöf og efsta sætið án forgjafar. Einnig verða námundarverðlaun á öllum par 3 holunum. Hámarksforgjöf kk er 24 og kvk 28. Skráning á www.golf.is. Þátttökugjald er 3.500

09:00 – 14:00 Sundmót Sjóarans síkáta. Keppnisgreinar eru: 50m Bringusund, 50m skriðsund, 50m baksund, 50m flugsund auk þess sem keppt er í 4x25m stakkasundi. Keppni í stakkasundi, sem hefst kl. 11:00 er opið öllum og eru hópar, hverfi, fyrirtæki, áhafnir báta o.fl. hvattir til að taka þátt. Glæsileg verðlaun.
Sundlaugin verður opin almenningi frá kl. 11:00 – 17:00

09:30 Knattspyrnumót á æfingasvæði Grindavíkur í 6. flokki drengja. Keppt er í A, B, C og D liðum og er von á 200 þátttakendum, fyrir utan foreldra og forráðamenn.

10:00 – 18:00 Risastórt fiskabúr með bleikju frá Íslandsbleikju í Grindavík til sýnis við Kvikuna.

Kl. 12:00 – 18:00 Sprell-leiktæki á hafnarsvæðinu.

Salthúsið: Sýning á verkum eftir Guðbjörgu Hlíf Pálsdóttir. Á sýningunni verða vatnslitamyndir af konum við ýmiss störf og einnig fantasíur unnar í blek og olíu. Sýningin stendur til fimmtudagsins 6.júní. Guðbjörg er starfandi listamaður og býr í Grindavík. Hún hefur starfað í mörg ár sem myndlistarkennari og á mörg verk í eigu opinbera aðila. Þar á meðal tvö útilistarverk í eigu Grindavíkurbæjar, afl hafsins (ölduna) og dans seglanna (seglin). Síðastliðið haust komu út tvær bækur eftir Guðbjörgu sem hún hafði samið og myndskreytt.

Ljósmyndasýningin Samruni eftir Vigdísi H. Viggósdóttur, nema í Ljósmyndaskólanum. Hún sýnir 12 ljósmyndir af efni og náttúru. Sýningin er á grindverkinu á gatnamótum Ránargötu og Seljabótar (við Gjögur).

13:00 – 15:00 Bílskúrssala að Túngötu 19. Gerið góð kaup, fatnaður, bækur, húsbúnaður, playstation leikir, o.fl. Alltaf gaman að prútta..... alltaf gott verð fyrir þig kæri vinur!

13:00 – 17:00 Slysavarnardeildin Þórkatla verður með candy-flos og annað góðgæti til sölu á hafnarsvæðinu.

13:00 – 17:00 Handverksfélagið Greip með opið hús í Framsóknarhúsinu. Fjöldi glæsilegra muna til sýnis.

13:00 – 17:00 Handverksmarkaður. Staðsettur við Kvikuna.

13:00 – 17:00 Kvikan: Codland – opið hús. Codland er fullvinnslu fyrirtæki með höfuðstöðvar í Grindavík sem hefur það að markmiði að vinna meiri verðmæti úr fiski. Codland er í eigu Vísis og Þorbjarnar.

13:00 – 18:00 „Paintball" og „Lazertag" á Landsbankatúninu Aðgangseyrir.

13:00 – 18:00 Vatnaboltar við Fiskmarkaðinn.
Aðgangseyrir.

13:00 Skemmtisigling fyrir alla fjölskylduna. Farið um borð frá Ísfélagi Grindavíkur við Miðgarð.

14:00 – 17:00 Félag slökkviliðsmanna í Grindavík verður með opið hús í slökkviliðsstöðinni. Í boði verður fyrir 14 ára og eldri að setja á sig reykköfunartæki og kynnast því að fara í lokað rými með reyk (leikhúsreykur). Kl 14:00 og 15:00 verður sýnd notkun á handslökkvitækjum.

13:30 – 17:00 Skemmtidagskrá á sviði
o Sterkasti maður á Íslandi – Risa hjólböruakstur (13:30)
o Sterkasti maður á Íslandi – Sirkus handlóðalyfta (13:50)
o Einar Mikael töframaður (14:10)
o Karlakór Grindavíkur (14:35)
o Karlotta Sjöfn Sigurðardóttir, Karlólína Ívarsdóttir og Inga Bjarney Óladóttir syngja tvö lög. Þær stöllur tóku þátt í söngkeppni SAMFÉS og komust í úrslit. (14:50)
o Nemendur frá Danskompaníinu Reykjanesbæ sýna. (15:00)
o Nemendur úr Grunnskóla Gr. syngja lög úr Rocky Horror. (15:15)

o Sterkasti maður á Íslandi – Réttstöðulyfta (15:30)
o Reipitog: Rauða hverfið vs. Bláa hverfið
o Reipitog: Græna hverfið vs. Appelsínugula hverfið.
o Sterkasti maður á Íslandi – Trukkadráttur (16:00)
o Hljómsveitin Pollapönk (16:30)
o Hljómsveitin Pabbastrákar (16:50)
Seinni hluti keppninnar Sterkasti maður á Íslandi fer fram á sunnudegi.

14:00 Hópkeyrsla bifhjóla frá Bláa Lóninu. Ekið inn í bæinn niður Víkurbraut, Ægisgötu og inn Seljabót og farið fyrir framan hátíðarsviðið fyrir neðan Kvikuna. og stöðvað fyrir utan N1. Hjólum raðað upp og til sýnis. Grindjánar bifhjólaklúbbur ásamt öðrum klúbbum.

14:00 „Kaffi á stéttinni heima.“ Bakkalágbandið býður upp á kaffi og söng fyrir utan Vísi.

15:00 – 17:00 Bacalao-mótið í knattspyrnu. Knattspyrnumót fyrir 30 ára og eldri, fyrrum knattspyrnuhetjur Grindvíkinga nær og fjær.

14:30 – Kappróður í höfninni. Land- og sjósveitir karla og kvenna. Lið frá hverju hverfi taka þátt.

15:00 Víðihlíð/Miðgarður: Karlakór Grindavíkur skemmtir.

15:30 (eða um leið og kappróðri lýkur) Sjópulsan á ferð um höfnina. Tvenns konar ferðir; Ferð ofurhugans 13 ára og eldri – Ferð með yngri um höfnina. Er háð veðri.

15:30 Íslandsmeistarakeppni í netaviðgerðum. Umsjón: Fisktækniskóli Íslands og Veiðafæraþjónustan í Grindavík. Keppnin fer fram á Kvíabryggju (smábátahöfninni). Skráning og nánari upplýsingar; Lárus Þór Pálmason, sími 899 8483 og netfang: *larus@fss.is*

16:00 – 17:00 Grindjánar bifhjóla-klúbbur við Fiskmarkaðinn. **Krakkakeyrsla.** Börn fá að sitja aftan á bifhjólum og fara hring. Mömmur fá að fara rúnt á eftir.

16:00 – Brúðubíllinn skemmtir yngstu kynslóðinni á Hafnargötunni.
Kvölddagskrá:
o 21:00 – 01:00 Sjómannastofan Vör: Dansleikur - Gömlu dansarnir – sjómannalögin. Grétar Guðmundsson leikur.
o 22:00 Bryggjan: Guðmundur Einarsson og Vignir Bergmann skemmta með lögum í anda hljómsveitarinnar Júdas.
o 00:00 Kanturinn: Hljómsveitinn Hafrót, Pétur Grindvíkingur ætlar að vera með Hafur-Bjarna stemmingu.
o 00:30 – 04:00 Salthúsið: Dansleikur með Skítamóral. Miðaverð: 2.500 kr.
o 00:00 – 04:00 Íþróttahúsið: Ball á vegum körfuknattleiksdeildar UMFG. Páll Óskar Hjálmtýsson sér um fjörið. Miðaverð: Aldurstakmark 18 ára.

Foreldrum og/eða forráðamönnum verður ekki heimilt að koma með unglinga yngri en 18 ára inn á ballið.

SUNNUDAGUR 3. JÚNÍ:

08:00 – 22:00 Söguratleikur Grindavíkur 2013. Þema ratleiksins eru sögulegar „minjar“; kirkjan á Stað, Staðarbrunnur, skipsklukka, Hóp, landnámsbær, Járngerðastaðasund, Þjófagjá, Baðsvallasel, forn þjóðleið, vegaúrbætur - allt minjar sem minna á forna tíð í Grindavík. Ratleikurinn er auðveldur og fróðlegur útivistarleikur, sem stendur frá upphafi Sjóarans síkáta fram að Jónsmessu. Leitað er að spjöldum á stöðum sem merktir eru á ratleikskortið eða vísað á þá. Sjá nánar á bls. 14-15 Höfundur ratleiks er Sigrún Jónsd. Franklín.

10:00 – 17:00 Opnunartími Sundlaugar Grindavíkur

10:00 – 18:00 Risastórt fiskabúr með bleikju frá Íslandsbleikju í Grindavík til sýnis við Kvikuna.

11:00 – 12:00 Dorgveiðikeppni fyrir 16 ára og yngri. Fer fram á Miðgarði fyrir framan Ísfélagið. Skráning á staðnum. Foreldrar/forráðamenn fylgi yngri börnum. Veitt verða verðlaun fyrir mesta aflann, þyngsta fiskinn og ljótasta fiskinn. Keppnin er tvískipt; 12 ára og yngri annars vegar og hins vegar 13 – 16 ára.

Salthúsið: Sýning á verkum eftir Guðbjörgu Hlíf Pálsdóttir. Á sýningunni verða vatnslitamyndir af konum við ýmiss störf og einnig fantasíur unnar í blek og olíu. Sýningin stendur til fimmtudagsins 6.júní. Guðbjörg er starfandi listamaður og býr í Grindavík. Hún hefur starfað í mörg ár sem myndlistarkennari og á mörg verk í eigu opinbera aðila. Þar á meðal tvö útilistarverk í eigu Grindavíkurbæjar, afl hafsins (ölduna) og dans seglanna (seglin). Síðastliðið haust komu út tvær bækur eftir Guðbjörgu sem hún hafði samið og myndskreytt.

Ljósmyndasýningin Samruni eftir Vigdísi H. Viggósdóttur, nema í Ljósmyndaskólanum. Hún sýnir 12 ljósmyndir af efni og náttúru. Sýningin er á grindverkinu á gatnamótum Ránargötu og Seljabótar (við Gjögur).

13:00 Sjómannamessa í Grindavíkurkirkju. Ræðumaður er Benedikt Páll Jónsson sjómaður. Ritningarlestra lesa sjómannshjónin Jóhanna Sævarsdóttir og Viðar Geirsson. Silja Rós Viðarsdóttir dóttir þeirra ber kransinn niður að minnisvarðanum Von.
Karlakór Keflavíkur leiðir söng undir stjórn Helgu Bryndísar Magnúsdóttur. Prestur: Sr. Elínborg Gísladóttir.

13:00 – 17:00 „Paintball“ og „Lazertag“ á Landsbankatúninu. Aðgangseyrir.

13:00 – 18:00 Vatnaboltar við Fiskmarkaðinn. Aðgangseyrir.

13:00 – 17:00 Sýning á fornbílum. Félagar úr Suðurnesjadeild Fornbílaklúbbsins sýna dýrgripi sína. Bílarnir verða staðsettir fyrir neðan Vísi.

13:00 – 17:00 Kvikan: Codland – opið hús. Codland er fullvinnslu fyrirtæki með höfuðstöðvar í Grindavík sem hefur það að markmiði að vinna meiri verðmæti úr fiski. Codland er í eigu Vísis og Þorbjarnar.

13:00 Sterkasti maður á Íslandi. Við hátíðarsviðið: Kast yfir vegg og Drumbalyfta.

13:00 – 17:00 Handverksmarkaður. Staðsettur við Kvikuna.

14:00 – 17:00 Hoppukastali frá Landsbankanum verður staðsettur við Kvikuna. Sproti verður á svæðinu milli kl. 15:00 og 16:00.

13:00 – 17:00 Handverksfélagið Greip með opið hús í Framsóknarhúsinu. Fjöldi glæsilegra muna til sýnis.

13:00 – 17:00 Slysavarnardeildin Þórkatla verður með candy-flos og annað góðgæti til sölu.

14:00 Hátíðarhöld við Kvikuna í tilefni Sjómannadagsins. Ávarp. Heiðursviðurkenningar og verðlaunaafhending fyrir kappróður. Í lok dagskrár mun Karlakór Keflavíkur syngja nokkur lög.

1**3:00 – 17:00 Veltibíll Sjóvá** í Hafnargötunni.

13:00 – 17:00 Sprell leiktæki á Hafnarsvæðinu.

14:30 Skemmtun fyrir eldri borgara í Víðihlíð. Gissur Páll Gissurarson óperusöngvari syngur.

14:30 – 16:30 Hestateyming við Kvikuna. Börnum gefst tækifæri til að fara á hestbak.
15:00 Koddaslagur, kararóður

og flekahlaup við höfnina.

15:30 – 17:30 Dagskrá á hátíðarsviði.
o Íþróttaálfurinn og Solla stirða (15:30)
o Einar Mikael töframaður (16:00)
o Unnur Eggertsdóttir syngur nokkur lög. (16:20) Í vetur lenti Unnur í öðru sæti í Söngvakeppni sjónvarpsins þar sem hún söng lag Elízu Newman, Ég syng! Í kjölfarið af því gaf Unnur út sitt fyrsta lag sem hún

vann í samstarfi við Stop-WaitGo, Stolin augnablik.
o Skoppa og Skrítla (16:30)
o Sterkasti maður á Íslandi – Bryggjupollaburður (16:50)
o Sterkasti maður á Íslandi – Atlanssteinatök (17:20)

Kl. 15:00 – 17:00 Kaffisala Kvenfélags Grindavíkur. Grunnskóli Grindavíkur. Kvenfélag Grindavíkur var stofnað 24. nóvember 1923 og verður því 90 ára á þessu ári. Allur ágóði félagsins rennur til góðra málefna í Grindavík. Það sem af er árinu höfum við verið með aðalfund, súpufund, páskabingó og aprílfund þar sem að Heiðar Jónsson kom og skemmti félagskonum. Næst á dagskrá er sjómannakaffið sunnudaginn 3. júní kl. 15:00 - 17:00 og eru allar kvenfélagskonur hvattar til að aðstoða við kaffisöluna, auk þess að koma með köku. Móttaka á kökum hefst kl. 12.00.

16:00 Kvikan. Formleg opnun Guðbergsstofu.

16:00 Bryggjan: Tónleikar með Kristni Árnasyni, klassískum gítarleikara.

16:00 – 17:00 Grindjánar bifhjólaklúbbur við Fiskmarkaðinn. Krakkakeyrsla. Börn fá að sitja aftan á bifhjólum og fara hring. Mömmur fá að fara rúnt á eftir.

17:00 Kanturinn – Íslandsmeistaramót í sjómann, þrír aldursflokkar.
KERLINGAHLAUP. Karlar bera konu sína á bakinu í gegnum þrautabraut. Vegleg verðlaun. Nánari upplýsingar og skráning á staðnum. Magnús Ver dæmir. Sjá nánar í dagskrá verslunar og þjónustu.

17:15 Knattspyrnumót hverfanna. Knattspyrnumót á Grindavíkurvelli á milli hverfanna fjögurra í Grindavík. Keppt er á hálfum velli, 10 í liði, 2x6 mínútur. Valið er í lið samkvæmt eftirfarandi reglum:
- Enginn meistaraflokksleikmaður má vera með.
Skylda er að spila á strigaskóm (takkaskór bannaðir) og markvörður verður að vera í stígvélum. Leiknar verða 2x6 mínútur. Leiknir verða undanúrslitaleikir (dregið á staðnum) og svo úrslitaleikur. Liðin þurfa að mæta í búningum í sínum litum.
Yfirdómari er Gunnlaugur Hreinsson.
Senda þarf liðsuppstillingu í síðasta lagi 31. maí á *sjoarinnsikati@grindavik.is*

20:00 Sjómannastofan Vör. Hátíðarkvöldverður Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur. Vinsamlega pantið borð tímanlega. Gestir: Jóhannes Kristjánsson eftirherma og Árni Johnsen.

20:30 Grindavíkurkirkja. Tónleikar með Bubba Morthens.
Líkt og mörg undanfarin ár heldur Bubbi af stað með kassagítarinn.Mun hann sem fyrr leika bæði gamalt efni og nýtt auk þess að ræða við áhorfendur um málefni líðandi stundar. Bubbi gaf út geislaplötu fyrr í sumar sem ber nafnið Stormurinn og hefur fengið frábæra dóma og selst gríðarlega vel. Miðaverð 2.500. Miðasala á www.midi.is og við innganginn.

SJÓARINN SÍKÁTI 2013 Í GRINDAVÍK

sjoarinnsikati@grindavik.is
www.sjoarinnsikati.is

Aðal hátíðarsvæði Sjóarans síkáta er við Kvikuna, auðlinda- og menningarhús Grindavíkur, við Hafnargötu og Seljabót (þar sem merki Sjóarans síkáta eru á kortinu). Hátíðarsvið Sjóarans síkáta er fyrir neðan Kvikuna (við Seljabót) og er merkt vel á kortinu.

Upplýsingamiðstöð ferðamanna og fyrir Sjóarann síkáta er í Kvikunni, sími 420 1190.

Nýtt og glæsilegt tjaldsvæði er við Austurveg, sími 660 7323.

Handhæg símanúmer:
Neyðarnúmer 112.
Björgunarsveitin Þorbjörn, sími 849 4040.
Sundlaug, sími 426 7555.
Kvikan (upplýsingamiðstöð), sími 420 1190.
Áhaldahús, sími 660 7343.
Athvarf unglinga, sími 660 7310.
Slysavarnardeildin Þórkatla, sími 899 5993.

Umsjónaraðili er Grindavíkurbær í samvinnu við Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur.
Framkvæmdastjórn:
Kristinn Reimarsson frístunda- og menningarfulltrúi, sími 420 1120 • kreim@grindavik.is
Þorsteinn Gunnarsson upplýsinga- og þróunarfulltrúi, sími 420 1122 • thorsteinng@grindavik.is

MERKINGAR Á KORTI:

Aðal hátíðarsvæðið
við Hafnargötu og Seljabót

Hátíðarsvið
fyrir neðan Kvikuna

WC Salerni **P** Bílastæði **F** Bílastæði fatlaðra

A Athvarf unglinga **H** Handverks-markaður **S** Sjoppa (Þórkatla)



Stjórnstöð Sjóarans síkáta
Lögregla og björgunarsveit
Sími 112 / 849 4040.

(Rauður) Útakstur neyðarbifreiða

(Grænn) Vaktað hlið

(Svartur) Lokun

Hópsbraut
Vesturhóp
Suðurhóp
Suðurhópsbraut
Efrahóp
Austurhóp
Miðhóp
Austurhóp
Hópsbraut
Víðigerði
WC
GRINDAVÍK
TJALDSVÆÐI
CAMPSITE
Austurvegur
427
Suðurstrar
Mánagerði
Mánagata
Hópsvegur
P
Hóp
Bakkalág
WC
A
P
WC
S
HATIÐAR-SVÍÐ
Miðgarður
Lokað laugardag
(Hópskot)
Eyjasur
Eyjabakki
Bakkalág
Suðurgarður
Austurgarður
FÁÐU DAGSKRÁNA
BEINT Í SÍMANN
www.grindavik.is/app.jsp

Dagskrá verslunar og þjónustu

AÐALBRAUT - VÍKURBRAUT 31

Fimmtudagur 16:30-18:00 Leikfangamarkaður. Börnum er velkomið að koma með gömul leikföng og selja frá sjálfum sér. Mæting kl 16:00. Allir velkomnir.

17:00-18:30 Skottsala. Leggðu bílnum þínum á planinu, opnaðu skottið og seldu gamla dótið þitt eða fötin þín. Allir velkomnir meðan pláss er.

18:00-19:00. Börnum er boðið að mæta með bangsana sína og búa til föt á þá í hverfalitunum. Foreldrar velkomnir með til að aðstoða.

Komdu og taktu þátt í að búa til krítalistaverk ef veður leyfir!

Föstudag og laugardag nætursala, grillið opið allan sólarhringinn. Erum með opið frá föstudagsmorgni til sunnudagskvölds.

BJARMAHÚSIÐ - VEITINGAHÚS - HÓPSHEIÐI 2

Hópsheiði 2 240 Grindavík. Símar: 864 4589 - 553 1510.

Opnum 1. júní kl. 11:00.
Úrvals kaffi, kökur og smáréttir.
Glæsilegur salur fyrir 60 manns.
Opnunartilboð: 20% afsláttur af öllum drykkjum fyrsta daginn

BLÓMAKOT - VIÐ MÁNAGÖTU

Fimmtudagur:
Opið 15-18. Tilboð á útiborðum og slaufum.
Föstudagur:
Opið 14-18. Tilboð á sumarblómum og gjafavöru í hverfalitunum.
Laugardagur:
Opið 13-17. Tilboð á kertum og servéttum. Hátíðarvendir á tilboði.
Sunnudagur:
Opið 13-17. Hátíðarvendir á tilboði. Kaffi á könnunni og blómakökur.

BRÚIN, VEITINGAHÚS OG BAR - HAFNARGÖTU

Opið alla helgina.

CAFÉ BÁRA - HAFNARGÖTU 6

Sími 426-9900 (áður Pizza Íslandia)
Fimmtudagur: 80´s diskó.
Föstudagur: Strákanir í Southern Comfort.
Egill&Bjössi halda uppá 2 ára afmælið sitt með gestum.
Laugardagur: Dj Þura Stína

SÖLUTURNINN

Opið allan sólarhringinn um sjómannadagshelgina.
Opið frá kl. 8 föstudaginn 31. maí og samfleytt til kl. 23:30 á sunnudagskvöldið 2. júní.
Minnum á okkar frábæru SUBS.
Í tilefni hátíðarinnar höfum við sett saman nokkrar vel valdar SUBS hugmyndir: SJÓRÆNINGINN - SÍKÁTI - SJÓARINN

HÉRASTUBBUR BAKARI - GERÐAVÖLLUM 19

Pylsubrauð í litum hverfanna.
Mikið úrval af smurðu brauði eins og danskt smörrebröd, heilsuþríhyrningar, Mexícobrauð og fleira.
Þorið þið að smakka það nýjasta? Risbátar fylltir með bönunum, karamellu og rjóma .
SJÓMANNATERTAN - Desert terta með ananas, kókos, súkkulaði og Baileys. Algjört sælgæti. Frábært verð.
Saltfisksmúffur.
Hvað er næst?

KANTURINN - AUSTURLENSKUR VEITINGASTAÐUR OG BAR - HAFNARGÖTU 6

Eldhúsið er opið 12:00-21:00 alla helgina. Ljúffengir austurlenskir réttir, djúsí hamborgarar og ekta hnausþykkar belgískar vöfflur, þú rennur bara á lyktina!
Fimmtudagur kl 23:00 Contalgen Funeral hljómsveit
Föstudagur kl 00:00 Erpur Blaz Rocka og félagar ásamt Dj Joey D

Laugardagur kl 00:00 Hljómsveitinn Hafrót, Pétur Grindvíkingur ætlar að vera með Hafur-Bjarna stemmingu.
Sunnudagur kl 17:00 Kerlingahlaup.
Karlmaður ber konu á bakinu í gegnum þrautabraut. Sigurvegarinn fær þyngd konunnar í öli. Skráning á staðnum.
Sunnudagur kl. 17:00 Íslandsmeistaramót í Sjómanni.
Keppt er í unglinga- og fullorðinsflokkum, skráning á staðnum.

KVIKAN, AUÐLINDA- OG MENNINGARHÚS - HAFNARGÖTU 12A

KVIKAN
AUÐLINDA- OG MENNINGARHÚS

Sunnudagur 16:00 Formleg opnun Guðbergsstofu.
Opið á Saltfisksýninguna og Jarðorkusýninguna alla daga frá kl. 10:00-17:00.
13:00 – 17:00 Kvikan: Codland – opið hús. Codland er fullvinnslu fyrirtæki með höfuðstöðvar í Grindavík sem hefur það að markmiði að vinna meiri verðmæti úr fiski. Codland er í eigu Vísis og Þorbjarnar.

NORTHERN LIGHT INN - SVARTSENGI

Northern Light Inn

Föstudagskvöld: Fiskisúpa í boði Northern Light Inn og Stakkavíkur á bryggjuballinu frá kl 20:00 uns birgðir endast.
Laugardagur: Íslandsmeistaramót í Kasínu, mótið byrjar kl 12:00
Sunnudagur: Grillhlaðborð frá kl 17:30.
Alla helgina verðum við með sölu á vöflu og kaffi milli máltíða.

SALTHÚSIÐ - STAMPHÓLSVEGI 2

Fimmtudaginn 30.maí verða tónleikar með KK og Magga Eiríks. Þeir byrja kl. 22:00 og standa til 23:30. Miðaverð 2.500 kr.
Föstudaginn 31. maí er dansleikur með **Rokkabillýbandinu** frá kl:00:30-?? Miðaverð 2.500 kr.
Laugardaginn 1.júní er dansleikur með hljómsveitinni **Skítamóral** frá kl:00:30 – ?? Miðaverð 2.500 kr.
Eldhúsið er opið sem hér segir:
Fimmtudaginn 30. maí frá kl.15:00 –21:00
Föstudaginn 31. maí frá kl.12:00-21:00
Laugardaginn 1. júní frá kl.12:00- 21:00 og er tveggja rétta hlaðborð í hádeginu ásamt grillréttum.
Sunnudaginn 2. júní frá kl. 12:00 – 22:00.

VEITINGASTOFAN VÖR - HAFNARGÖTU 9

VÖR Veitingastofa

Föstudagur 31. maí:
Hádegi: Súpa, salatbar, fiskur dagsins. Tilboð af grillmatseðli.
Laugardagur 1. júní: Tilboð af grillmatseðli á milli kl. 11:30 – 14:00.
Kaffihlaðborð frá kl. 15:30.
Dansleikur um kvöldið frá kl. 21:00 – 01:00.
Sjómannalögin. Grétar Guðmundsson spilar og syngur.
Sunnudagur 2. júní: Hátíðarkvöldverður Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur. Vinsamlega pantið borð tímanlega.
Gestir: Jóhannes Kristjánsson eftirherma og Árni Johnsen.

Hárhornið og Snyrtistofan Fagra blása til fagnaðar !!

Miðvikudaginn 29. maí frá klukkan 17-20..

..bjóðum við alla velkomna til okkar.
Það verður mikið um að vera. Baldur hárgreiðslumeistari og Gunna Sigga förðunarfræðingur koma og sýna okkur allt það heitasta frá

label.m PROFESSIONAL HAIRCARE, HH SIMONSEN & new id cosmetics

Við verðum búin að greiða og farða módelum sem verða á staðnum.

Frábær tilboð og spennandi afslættir

Hinir skemmtilegu Beggi og Pacas mæta á svæðið með óvæntar uppákomur.
Léttar veitingar.
Störtum helginni hjá síkátu stelpunum.

Verið velkomin, **Hárhornið** s. 426-7120 og **Snyrtistofan Fagra** s. 775-5566.
Hafnargata 7b.

Tobba, Ragnheiður, Anna Schmidt, Gerður Björg, Ása Sif og Bjarney.

FORNMINJAR
Ratleikur Grindavíkur 2013

Ratleikurinn er auðveldur og skemmtilegur útivistarleikur, sem stendur frá upphafi Sjóarans síkáta fram að Jónsmessu. Leitað er að spjöldum á stöðum sem merktir eru á ratleikskortið eða vísað á þá. Höfundur ratleiks er Sigrún Jónsd. Franklín

Í Grindavík eru margar söguminjar hlaðnar úr hraungrjóti. Minjar sem skýrskota til búsetu og atvinnuhátta hér áður fyrr. Ratleikurinn vísar á nokkra slíka staði. Fróðleikurinn byggir á tilgátum en stuðst er við sagnir, örnefnalýsingar og munnmæli fólks í Grindavík.

Bókstafi og tölustafi á hverjum stað þarf að færa inn á lausnarblaðið og skila því í Kvikuna, Hafnargötu 12a, Grindavík **eigi síðar en 21. júní.** Dregið verður úr réttum lausnum og það tilkynnt í Jónsmessugöngunni á Þorbirni 22. júní.

Veglegir vinningar í boði.

1. Fjölskylduársskort í Bláa lónið.
2. Fjölskylduársskort í Bláa lónið.
3. Gjafakort í Nettó að upphæð 25.000 kr.

Ef spjöld finnast ekki eða hafa verið færð úr stað, vinsamlegast látið vita með því að hringja í Kvikuna, sími 420 1190.

Söguratleikur

	Bókstafur	Tölustafur
1. Staðarkirkjugarður		
2. Staður, vestan kirkjugarðs		
3. Staðarkirkjugarður		
4. Norðan við Hópið		
5. Við söguskiltið við Hópið.		
6. Á toppi Þorbjarnar í Þjófagjá		
7. Norðan við Selskóg við hraunjaðarinn		
8. Skipsstígur, norðan Nesvegar		
9. Stika nr. 40, vegaúrbætur við Skipsstíg		

Með því að raða saman bókstöfunum sem eru á hverri hinna 9 stöðva á réttan hátt kemur út nafn á verum:

_____

Nafn _____

Heimili _____

Bæjarfélag _____ Sími _____

Fróðleiksmolar – Númerin eiga við viðkomandi ratleiksmerki á kortinu

1. Elsta örugga heimildin, sem nefnir kirkju í Grindavík, er kirknaskrá Páls biskups (1195-1211) Jónssonar frá því um 1200. Þar er sagt að prestskyld kirkja sé á **Stað**. Enn má sjá móta fyrir gólfinu.

2. **Staðarbrunnur** hefur nú verið lagaður. Hann var upphaflega hlaðinn árið 1914. Dýptin á honum er 23 fet. Hóll er sunnan við brunninn.

3. Í klukknaportinu er **skipsklukka** úr breska togaranum Anlaby sem fórst við Jónssbása 1902. Skipstjórinn Carl Nilson var þekktur fyrir aðför að Hannesi Hafstein og mönnum hans á Dýrafirði 1899.

4. Gömlu **húsatóftirnar** við Hóp eða í námunda við þær gætu hafa verið þar sem einn landnámsbærinn var – jafnvel bær Molda-Gnúps landnámsmanns Grindavíkur. Ein rústin hefur jafnan verið nefnd Goðatóft.

5. Í þjóðsögunni segir að bóndi Járngerðar hafi drukknað á Járngerðastaðasundi. Þá varð Járngerður afarreið og grimm í hug, og mælti svo um, að þar skyldu síðan farast tuttugu skip á réttu sundi. Dys Járngerðar er sögð vera í beygjunni við Verbraut.

6. Toppur Þorbjarnar er klofinn af stórri sprungu sem heitir **Þjófagjá**. Þar eiga að hafa haldið til þjófar og ræningjar er gerðu Grindvíkingum slæmar búsifjar.

7. Baðsvellir norðan Þorbjarnar voru notaðir til selstöðu frá Járngerðarstöðum. Í **selinu**, sem er greinilega mjög gamal t, eru stekkir og fleiri tóftir.

8. Vermenn fóru fornu þjóðleiðina, Skipsstíg á leið til skips. Fallegar hlaðnar vörður eru við leiðina milli Grindavíkur og

Innri-Njarðvíkur. Fyrsta varðan, **Títublaðavarða**, er fyrsta varðan við götuna ofan Nesvegar. Sagan segir að henni beri Grindvíkingum jafnan að viðhalda. Þjóðleiðin er jafnframt stikuð gulum stikum.

9. Skipsstígur var breikkaður og reynt að lagfæra hann að breyttum þörfum eftir að vagnar komu til landsins skömmu fyrir 1900. **Vegaúrbæturnar** í Lágunum ofan Lágafells bera merki um fagurt verklag þessa tíma.

BLUE LAGOON
ICELAND

Við styðjum Sjóarann síkáta

Einhamar Ecological seafood from Iceland

Sjómenn, til hamingju með Sjómannadaginn!

HS Orka hf

Sjómenn, til hamingju með Sjómannadaginn!

netto

Sjómenn, til hamingju með Sjómannadaginn!

Gjögur

Sjómenn, til hamingju með Sjómannadaginn!

Flutningaþjónusta

Sigga

Sjómenn, til hamingju með Sjómannadaginn!

Íslandsbleikja

Grindavík

Sjómenn, til hamingju með Sjómannadaginn!

TSÁ Tækniþjónusta SÁ ehf.
Hafnargata 60 • 230 Reykjanesbær
Sími 421 5105 • Fax 421 5173

Sjómenn, til hamingju með Sjómannadaginn!

SJÓVÁ

Við erum í Grindavík! Til hamingju sjómenn!

FMS

Sjómenn, til hamingju með Sjómannadaginn!

HP Gámar
Gámaþjónusta
www.sorp.is
Sími: 421 5005

Sjómenn, til hamingju með Sjómannadaginn!

Við styðjum Sjóarann síkáta

Kadeco

Sjómenn, til hamingju með Sjómannadaginn!

TAL

Sjómenn, til hamingju með Sjómannadaginn!

Verkalýðsfélag Grindavíkur

Sjómenn, til hamingju með Sjómannadaginn!

Hertz

Sjómenn, til hamingju með Sjómannadaginn!

Sjómenn,
til hamingju
með
Sjómannadaginn!

BATTERÍID

Síminn

Sjómenn, til hamingju með Sjómannadaginn!

EFLA
VERKFRÆÐISTOFA

Sjómenn, til hamingju með Sjómannadaginn!

olís

Sjómenn, til hamingju með Sjómannadaginn!

Foreldrar og unglingar:
SÖFNUM GÓÐUM
MINNINGUM SAMAN

SAMAN

SAMVERA FORELDRA OG UNGLINGA ER EIN BESTA FORVÖRNIN!

SAMAN Í SUNDI, SAMAN Í TJALDI, SAMAN AÐ GANGA, SAMAN AÐ SPJALLA, SAMAN AÐ ELDA, SAMAN Á KAFFIHÚSI, SAMAN AÐ VEIÐA, SAMAN AÐ HJÓLA, SAMAN AÐ SYNGJA, SAMAN AÐ SPILA, SAMAN Í SÓLINNI ...

SAMAN

www.samanhopurinn.is

Velkomin til
codland
Codland er fullvinnslufyrirtæki með höfuðstöðvar í Grindavík sem hefur að markmiði að vinna meiri verðmæti úr fiski. Codland er í eigu Vísis og Þorbjarnar.
Codland mun í sumar starfrækja þekkingarsetur á annarri hæð í Saltfisksetrinu. Þar verða saman komnir einstaklingar sem vinna að ýmsum verkefnum fyrir Codland.
Verið velkomin í heimsókn yfir Sjómannadagshelgina
Codland

Reglubundinn sparnaður

Ein besta leiðin til að spara er með reglubundnum sparnaði. Þú setur þér skýr markmið og ákveður hve háa upphæð þú vilt spara mánaðarlega. **Byrjaðu að spara strax í dag.**

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000